

Nd.

380. Nefndarálit

[20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur athugað frv. á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr. Greinin breytist þannig:

1. 11. gr. Í stað orðanna í 1. málsg. „á Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir“ komi: er verði valinn staður, þar sem góð skilyrði eru til einangrunar og önnur aðstaða ákjósanleg að dómi yfirdýralæknis og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.
2. 13. gr. Í stað orðanna í 1. málsg. „á Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir“ komi: er verði staðsett í samráði við yfirdýralækni og stjórn Búnaðarfélags Íslands.
3. 20. gr. Í stað síðasta málsliðar fyrri málsg. og síðari málsg. komi: Gripi stöðvarinnar skal fella og fara með afurðirnar eins og ákvæði 17. gr. mæla fyrir um. Jafnframt skal ýtarleg rannsókn fara fram á því, hvort gripirnir hafa verið haldnir nokkrum sjúkdómum.

Alþingi, 1. marz 1972.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Eðvarð Sigurðsson,
fundaskr.
Gunnar Gíslason.
Pálmi Jónsson.

Ágúst Þorvaldsson.
Bragi Sigurjónsson.